

BV BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Guðmundur Sigurðsson

3.bréf 2016

nóvember

Kynningarfundir um hrútakost sæðingastöðvanna 2016

Fundir vegna sauðfjársæðinga 2016 verða haldnir sem hér segir:

Mánudaginn	21. nóv.	Matsal LbhÍ, Hvanneyri kl. 20.30
Þriðjudaginn	22. nóv.	Grunnskólanum Reykhólum kl. 14.00
Þriðjudaginn	22. nóv.	Breiðabliki, Snæfellsnesi kl. 20.30
Miðvikudaginn	23. nóv.	Holti, Önundarfirði kl. 17.30
Fimmtudaginn	24. nóv.	Dalabúð, Búðardal kl. 20.00

Dagskrá: Skipulag sæðinganna, gjaldskrá, hrútakosturinn, kynbótastarfið í sauðfjarrækt o.fl.

Fundirnir eru haldnir af Búnaðarsamtökum Vesturlands í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.



Hrútaskrá verður dreift á kynningarfundum og/eða send til félagsmanna sauðfjarræktarféлага og til þeirra sem þess óska. Einnig má nálgast skrána á heimasíðu Búnaðarsamtaka Vesturlands www.buvest.is og heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar Landbúnaðarins www.rml.is

Gjaldskrá vegna sauðfjársæðinga

Verð á sæði:

1-19 sæddar ær	900 kr./sk.
20-49 sæddar ær	810 kr./sk.
50-99 sæddar ær	705 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar	660 kr./sk.
Til búnaðarsambanda	630 kr./sk.

*

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær.
Innheimt verður að lágmarki 70 % af pöntuðu sæði.
Uppgjöri skal lokið fyrir áramót. Öll verð eru án vsk.

Hrútar á Sauðfjársæðingastöð Vesturlands 2016 - 2017

Hyrndir hrútar:

Borkó 11-946 frá Bæ, Árneshreppi.

Bekri 12-911 frá Hesti, Borgarfirði.

Jónas 12-949 frá Miðgarði, Stafholtstungum.

Malli 12-960 frá Bjarneyjarsandi, Hvalfjarðarsveit.

Kjarni 13-927 frá Brúnastöðum, Fljótum.

Burkni 13-951 frá Mýrum II, Hrútafirði.

Dreki 13-953 frá Hriflu, Þingeyjarsveit.

Stólpi 13-963 frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.

Toppur 13-964 frá Kaldbak, Rangárþingi.

Grímur 14-955 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.

Kústur 14-965 frá Garði, Pistilfirði.

Vinur 14-966 frá Haukatungu Syðri II, Snæfellsnesi.

Tinni 15-968 frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.

Kollóttir hrútar:

Baugur 10-889 frá Efstu-Grund, Eyjafjöllum.

Hnallur 12-934 frá Broddanesi I, Strandasýslu.

Brúsi 12-970 frá Kollsá, Strandasýslu.

Voði 13-943 frá Heydalsá, Strandasýslu.

Ebiti 13-971 frá Melum, Árneshreppi.

Plútó 14-973 frá Heydalsá, Strandasýslu.

Spessi 14-974 frá Melum, Árneshreppi.

Ferhyrndur hrútur:

Alur 13-975 frá Þúfnavöllum, Hörgárdal.

Forystuhrútur:

Ungi 13-938 frá Sandfellshaga I, Öxarfirði.

Sauðfjársæðingar 2016

Útsendingar á sæði frá stöðinni verða í alls 20 daga og munu byrja 1. desember og standa til 21. desember, þó ekki sunnudaginn 4. desember. Pantanir þurfa að berast fyrir kl 21.00 daginn fyrir sæðingu. Panta skal í pöntunarformi sem aðgengilegt er á www.buvest.is einnig er hægt að panta í síma 437-1215, pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Almennt skal miða við að lágmarks afgreiðsla frá stöðinni sé sæði í 5 ær eða 1 strá.

Undantekning frá þessu er afgreiðsla á sæði úr forystuhrút. Um annað þarf að semja sérstaklega. Nauðsynlegt er að nefna a.m.k. einn hrút til vara.

Ef séð verður að nýting verður léleg á pöntuðu sæði þarf að tilkynna það, sem og aðrar breytingar í síma 437-1215 eða 892-0517, í gegnum tölvupóst á netfangið bv@bondi.is fyrir kl. 9.00 að morgni sæðingadags. – **ATH!** Aðeins í tölvupósti um helgar.

ATH! Ekki verður formlegt svæðisskipulag á starfssvæði Búnaðarsamtakanna en bændum er bent á, að frá 1. – 5. des og svo eftir 15. des er alla jafna minna álag og þá öruggara að fá sæði úr óska hrútunum, einnig ef dreifing er góð á milli hrúta.

Reiknað er með að bændur sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra enda hafi viðkomandi sótt námskeið um sauðfjársæðingar.

Dreifing sæðis verður með svipuðum hætti og á síðasta ári og verða ferðir frjótækna í nautgripasæðingum notaðar eftir því sem hægt verður hverju sinni.

- Afgreiðsla á sæði verður frá hrútaskið milli kl. 10.30 og 12.00, eftir þann tíma verður farið með alla sæðisbrúsa á Olís í Borgarnesi, nema um annað sé samið við pöntun. Tónum brúsum skal einnig skila á Olís en þar verður merktur kassi sérstaklega fyrir brúsana.
- Sunnan Hvalfjarðar verða auk ferða frjótækna nýttar ferðir til Reykjavíkur samhliða flugsendingum.
- Á Snæfellsnesi verða sæðisbrúsar skildir eftir á Fáskrúðarbakka og í Haukatungu hjá Ásbirni.
- Sæðisbrúsar sem fara í Dalina og í A-Barð. verða skildir eftir í merktum kassa í Samkaupum í Búðardal. Vikuna 12.-16. desember verður keyrt í Saurbæ og brúsar skildir eftir í Stórholti. Tónum brúsum skal skila á sömu staði.
- Dreifing sæðis í Ísafjarðarsýslur og V-Barðastrandarsýslu er með flugi, Baldri eða öðrum tryggum hætti eftir því sem veður leyfir.

Í hrútaskránni eru góðar leiðbeiningar um sauðfjársæðingar og er bændum bent á að lesa þær vel.

MIKILVÆGT AÐ SKILA BRÚSUNUM FLJÓTT TIL BAKA!

Heimasíða BV



FORSÍÐA GREINASAFN STARFSFÓLK STJÓRN BV TENGLAR BÓKHALDSÞJÓNUST



Búnaðarsamtök Vesturlands ■ Posted in Fréttir

NÝ HEIMASÍÐA BÚNAÐARSAMTAKA VESTURLANDS

Panta sauðfjársæði



VAKTSÍMI DÝRALÆKNA
KVÖLNETUR OG HELGAR

FLÝTILEIÐIR

Bréf til bænda

Upplýsingar um BV

Einnáttarár

Ný og uppfærð heimasíða BV, www.buvest.is hefur nú verið opnuð. Þar er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um starfsemina.

Einnig hefur verið vinna í gangi við lagfæringar á netfangalista BV, viljum endilega hafa sem flesta bændur á netfangalistanum okkar.

Vinsamlegast sendið okkur línu á bv@bondi.is ef breytingar eru á netföngum og eins ef þið viljið bætast við á listann.

Starfsemi á skrifstofu BV um jól og áramót

Skrifstofa Búnaðarsamtaka Vesturlands verður lokuð eftirfarandi daga:

24. desember – Aðfangadagur

31. desember – Gamlársdagur

Aðra virka daga verður viðvera á skrifstofunni.

Nautgripasæðingar um jól og áramót

Vinna við nautgripasæðingar verður sem hér segir:

25. desember - Jóladagur - LOKAÐ.

1. janúar – Nýársdagur - LOKAÐ.

Aðra daga er opið samkvæmt venju og panta skal sæðingu fyrir kl. 09.30 í talhólf **871-5845**.

Námskeið í sauðfjársæðingum

Sauðfjársæðinganámskeið verður haldið að Hesti í Borgarfirði þriðjudaginn 29. nóvember nk. og kl. 13.00-18.00.

Skráning fer fram hjá LbhÍ í síma 433-5000/433-5033 og/eða á www.lbhi.is/namskeid

Munið að panta tímanlega á
www.buvest.is

